



Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinn skoðunarmanna	1
Áritun stjórnar	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9



Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning aðalstjórnar Gróttu fyrir árið 2015. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2015 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn félagsins staðfesta hér með ársreikning aðalstjórnar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Rögnvaldur Dofri Pétursson

Bjarni Torfi Alfpórsson



Áritun stjórnar

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Gróttu staðfestir hér með ársskýrslu og ársreikning fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Elín Smáradóttir

Ragnar Oddur Rafnsson

Hreinn Októ Karlsson

Arnar Birgisson

Sigrún Hallgrímsdóttir



Skýrsla stjórnar Aðalstjórn Gróttu 2015

Aðalfundur Aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu 7. apríl 2016

Á aðalfundi félagsins 12. mars 2015 voru eftirtaldir einstaklingar kosnir í aðalstjórn félagsins:

Elín Smáradóttir, formaður
Ragnar O Rafnsson, gjaldkeri.
Hreinn Októ Karlsson, ritari
Sigrún Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi
Arnar Rafn Birgisson, meðstjórnandi

Varamenn voru kjörnir:
Pétur Blöndal og
Kristinn Þorvaldsson

Aðalstjórn fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði og fundi hennar sitja einnig framkvæmdastjóri og íþróttastjóri félagsins ásamt formönnum deilda eða varamanna þeirra.

Á árinu hefur margt gerst:

Stefnumörkun:

Á fyrst fundi nýrrar stjórnar sl. vor var ákveðið að ráðast í stefnumótunarvinnu og endurskoðun stefnumótunar félagsins. Var þá þegar hafinn undirbúningur þess starfs og þann 26. september var haldinn fjölmennur starfsdagur, þar sem lögð voru drög að stefnumörkun fyrir árin 2015-2025. Afar ánægjulegt er hversu margir iðkendur, þjálfarar, stjórnarmenn og aðrir bæjarbúar tóku þátt í vinnunni. Ég trúir því að almenn þátttaka hafi skilað sér í betri og markvissari stefnumörkun. Aðalstjórn vann svo áfram með þær tillögur sem fram komu og endanlegri stefnu var svo dreift í öll hús á Nesinu.

Starfsmannamál:

Fyrirverandi verkefnisstjóri Gróttu, Asta Sigvaldadóttir, ákvað að hverfa til annarra starfa á síðasta ári og eru henni þökkúð störf í þágu félagsins. Var þá ákveðið að ráða íþróttastjóra Gróttu og leggja aukna áherslu á hinn faglega þátt starfsins. Í því ljósi var Kári Garðarsson, íþróttafraeðingur og MPA og þáverandi aðstoðarskólalastjóri ráðinn og var mikill fengur fyrir Gróttu að fá Kára í starf íþróttastjóra. Hann byrjaði í hlutastarfi sl. haust en frá áramótum hefur Kári verið í fullu starfi á skrifstofu Gróttu auk Kristínar Finnbogadóttur, Gittu, framkvæmdastjóra félagsins.

Árangur deilda

Árið var mjög viðburðaríkt hjá Gróttu og unnust margir titlar, þeirra á meðal:

Fimleikar

- Íslandsmeistaratitill unglunga í frjálsum æfingum
- Bronsverðlaun á Norðurlandamóti á stökki og gólfi
- Nanna valin í úrvalshóp FSÍ fullorðinna og Sóley í úrvalshóp unglunga

Handknattleikur

- Mfl. kvenna Íslands-, bikar- og deildarmeistarar
- Mfl.karla unnu 1. deildina örugglega

Knattspyrna

- Meistaraflokkur kvenna stofnaður
- Bjartir tímar framundan hjá meistaraflokki karla
- Öflugt teymi yngri flokka þjálfara og fjölgun iðkenda

Kraftlyftingar

- Evrópumeistari í bekkpressu í opnum flokki
- Fjöldi Íslandsmeistaratitla og bikarmeistaratitill
- Heimsmet og heimsmeistaratitill unglunga í bekkpressu
- Norðurlandamet unglunga í bekkpressu
- Fjölmörg verðlaun á Evrópumóti unglunga og heimsmeistaramóti í klassískum lyftingum
- Tilnefning til íþróttamanns ársins

Í öllum deildum hefur verið mikil gróska og metnaður í starfi yngri flokka og því er framtíðin björt hjá Gróttu.

Íþróttamaður Gróttu og æskunnar

Kjóri íþróttamanns Gróttu árið 2015 var lýst þann 29. desember síðastliðinn. Í fyrsta sinn varð ekki einstaklingur fyrir valinu, heldur heilt lið, en meistaraflokkur kvenna í handbolta var kjörinn íþróttamaður Gróttu eftir frábæran árangur liðsins á síðasta ári. Íþróttamaður æskunnar var einnig kjörinn og þar varð Lovísa Thompson, handboltakona, fyrir valinu.

Við sama tækifæri var landsliðsfólki Gróttu veittar viðurkenningar. Þá voru heiðursmerki einnig veitt einstaklingum, sem hafa unnið ötult starf í þágu Gróttu á liðnum árum

Viðburðir

Ýmsir skemmtilegir viðburðir hafa skipað sér fastan sess í starfi félagsins. Má þar nefna vel heppnað þorablót, sem verður skemmtilegra með hverju árinu. Einnig má nefna karla- og kvennakvöld, sem eru mikilvæg fjáröflun en líka skemmtileg leið til að þjappa stuðningsfólki Gróttu enn betur saman.

Gróttudagurinn var haldin í lok ágúst eins og tíðkast hefur undarfarin ár.

Í kjölfar stefnumótunardagsins var haldinn haustfagnaður þar sem stjórnarfólki og þjálfurum var boðið.

Golfmót Gróttuvitans var haldið í júní sl. og þátttakendur voru 36 talsins. Gróttuvitameistari 2015 varð Kjartan Karítasarson.

Aðstaðan

Á árinu hefur verið mikil umræða innan félagsins og við bæjaryfirvöld um aðstöðuna í íþróttamiðstöð bæjarins. Ljóst er að aðstaðan er ekki fullnægjandi og afar brýnt er að ráðist verði í úrbætur. Beðið hefur verið eftir svari frá Reykjavíkurborg varðandi þátttöku borgarinnar í rekstri framtíðar húsnæðis, en vegna bágrar fjárhagsstöðu borgarinnar hefur reynst erfitt að fá afgerandi svör.

Íþróttaiðkendar í Gróttu og aðrir bæjarbúar eiga skilið að hafa betri aðstöðu til sinnar íþróttaiðkunar en nú býðst í íþróttahúsinu, en það er rétt að vera bjartsýnn og vonast til þess að afgerandi niðurstaða fáiast í málinu á þessu ári. Ákveðið hefur verið að ráðast í að skipta um gervigras á knattspyrnuvellinum og munu framkvæmdir hefjast í vor. Er það mikið fagnaðarefni. Á meðan framkvæmdum stendur verður grasvöllur á Valhúsahæð nýttur meira en verið hefur.

Og áfram um íþróttamannvirkin. Gróttu hefur lengi sóst eftir því að taka yfir rekstur íþróttahússins og fótboltavallarins með rekstrarsamningi við bæinn. Vonandi hyllir nú undir niðurstöðu í því máli og er það trú mín að Gróttu geti bætt rekstur íþróttamannvirkja.

Hvað er framundan?

Helstu verkefni aðalstjórnar eru að halda áfram vel utan um rekstur íþróttafélagsins. Rekstur íþróttafélags eins og Gróttu er alltaf í járnum og ljóst að sífellt þarf að leita aukins fjármagns til rekstrarins og er það eitt af stærstu verkefnum aðalstjórnar á næstunni að leita nýrra styrktaraðila fyrir félagið. En það er líka ljóst að rekstur Gróttu myndi aldrei ganga upp ef ekki væri fyrir þrotlausu vinnu allra þeirra sjálfboðaliða sem að félaginu koma. Það starf ber að þakka sérstaklega og vil ég nota þetta tækifæri til að koma á framfæri þakklæti fyrir alla þá vinnu sem unnin er í þágu félagsins, okkur öllum til heilla.

Aðalstjórn vill einnig þakka öllum þeim styrktaraðilum sem hafa staðið við bakið á félaginu síðustu ár.

Framkvæmdarstjóra, íþróttastjóra, samstarfsmönnum í aðalstjórn, stjórnarfólki annarra deilda, starfsmönnum íþróttamiðstöðvar, formanni og stjórn ÍTS og bæjarstjóra þakka ég fyrir gott samstarf á liðnu tímabili.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Elín Smáradóttir
Formaður Aðalstjórnar



Rekstrarreikningur 2015

Rekstrartekjur	Skýr.	2015	2014
Framlög og styrkir	3	118.738.100	118.839.508
Aðrar tekjur		<u>5.126.892</u>	<u>6.036.300</u>
		<u>123.864.992</u>	<u>124.875.808</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	12.396.670	12.340.373
Verktakagreiðslur		500.000	1.455.000
Styrkir til deilda	5	101.777.759	102.454.478
Vörukaup, Gróttuvörur		2.864.266	3.553.845
Áhöld, tæki og búnaður		643.883	757.529
Rekstur skrifstofu	6	2.340.339	2.269.951
Annar kostnaður	7	<u>1.619.115</u>	<u>1.015.386</u>
		<u>122.142.032</u>	<u>123.846.562</u>
Rekstrarhagnaður		1.722.960	1.029.246
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		156.733	206.712
Vaxtagjöld		<u>(931)</u>	<u>(2.047)</u>
		<u>155.802</u>	<u>204.665</u>
Hagnaður ársins		<u>1.878.762</u>	<u>1.233.911</u>



Efnahagsreikningur 31/12 2015

Eignir

	Skýr.	2015	2014
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		2.283.271	1.683.271
Skammtímaskuldir		2.525.900	2.056.749
Handbært fé		13.564.221	11.389.017
Veltufjármunir samtals		<u>18.373.392</u>	<u>15.129.037</u>
Eignir samtals		<u>18.373.392</u>	<u>15.129.037</u>

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2015	2014
Eigið fé			
Uppsafnað eigið fé frá fyrra ári		7.807.823	6.573.912
Tekjuafgangur (-tap) ársins		1.878.762	1.233.911
Eigið fé samtals	8	<u>9.686.585</u>	<u>7.807.823</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		8.686.807	7.321.214
Skammtímaskuldir samtals		<u>8.686.807</u>	<u>7.321.214</u>
Skuldir samtals		<u>8.686.807</u>	<u>7.321.214</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>18.373.392</u>	<u>15.129.037</u>



Sjóðstreymi 2015

Handbært fé frá rekstri	Skýr.	2015	2014
Hagnaður (Tap) ársins		1.878.762	1.233.911
Hreint veltufé frá rekstri		<u>1.878.762</u>	<u>1.233.911</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir		(600.000)	(333.271)
Skammtímakröfur		(469.151)	(1.739.030)
Skammtímaskuldir		<u>1.365.593</u>	<u>3.295.942</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		296.442	1.223.641
Handbært fé frá rekstri		<u>2.175.204</u>	<u>2.457.552</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		2.175.204	2.457.552
Handbært fé í ársbyrjun		11.389.017	8.931.465
Handbært fé í árslok		<u>13.564.221</u>	<u>11.389.017</u>



Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð félagsins er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Framlög og styrkir

	2015	2014
Húsaleigustyrkir	59.400.000	60.800.000
Ferðastyrkir	4.999.834	5.000.000
Rekstrarstyrkur	45.440.166	45.543.072
Lottó	2.972.200	3.203.008
Aðrir styrkir og tekjur	5.925.900	4.293.428
	<u>118.738.100</u>	<u>118.839.508</u>

4. Laun og launatengd gjöld

	2015	2014
Laun	10.314.855	10.256.384
Launatengd gjöld	2.081.815	2.083.989
	<u>12.396.670</u>	<u>12.340.373</u>



Skýringar

5. Styrkir til deilda

	2015	2014
Húsaleigustyrkir	59.400.000	60.800.000
Ferðastyrkir	4.999.834	5.000.000
Knattspyrnudeild Gróttu	8.565.099	8.509.012
Fimleikadeild Gróttu	7.985.900	7.965.000
Handknattleiksdeild Gróttu	12.588.498	12.558.012
Lottó	2.972.200	3.203.008
Aðrir styrkir	5.266.228	4.419.446
	<u>101.777.759</u>	<u>102.454.478</u>

6. Rekstur skrifstofu

	2015	2014
Sími	687.256	649.275
Pappír, prentun og ritföng	174.948	228.989
Tölvukostnaður	606.204	651.706
Hátíðarsalur	155.620	291.811
Annar skrifstofukostnaður	716.311	448.170
	<u>2.340.339</u>	<u>2.269.951</u>

7. Annar kostnaður

	2015	2014
Þjónustugjöld kreditkorta og banka	325.943	232.683
Kostnaður vegna skemmtanahalds	62.533	213.263
Íþróttamaður / -kona Gróttu	565.306	197.750
Glitnisdagur	59.628	48.869
Námskeið, fræðsla, fundir o.fl.	324.010	72.968
Annar kostnaður	281.695	249.853
	<u>1.619.115</u>	<u>1.015.386</u>

8. Eigið fé

	Uppsafnað frá fyrra ári	Tekjuafg. ársins	Samtals
Eigið fé 1/1	6.573.912	1.233.911	7.807.823
Afkoma f.f. ári flutt á uppsafnað eigið fé	1.233.911	(1.233.911)	0
Afkoma ársins		1.878.762	1.878.762
Eigið fé 31/12	<u>7.807.823</u>	<u>1.878.762</u>	<u>9.686.585</u>